

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Skrifstofa skattamála  
fjr@fjr.is  
Lindargata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík  
14.04.2021

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (byggingarstarfssemi, almenningssamgöngur o.fl.). Mál nr. 93/2021.**

Hopp mobility ehf. (hér eftir nefnt Hopp) vilja koma á framfæri athugasemdam við frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Þær athugasemdir snúa að virðisaukaskattskyldu örflæðis í almenningssamgöngum.

*Örflæði (e. micromobility) er tiltölulega nýtt hugtak sem nær til léttara farartækja (undir 500 kg) sem eru gjarnan notuð til styttri ferða. Hugtakið á við um farartæki sem eru knúin af líkamlegu afli eða rafmagni og komast alla jafna ekki eins hratt og vélknúin farartæki. Undir þennan flokk falla m.a. hjól, rafhjól, venjuleg hlaupahjól, rafskútur, hjólabretti og í raun öll farartæki sem eiga heima á hjólastígum samhliða hjólum.<sup>1</sup>*

Örflæði hefur vaxið hratt á undanförunum tveimur árum í formi deiliahagkerfis og eru nú starfandi 5 rafskútuleigur á landinu. Kjarnastarfsemi fyrirtækjanna er að gera örflæði að almenningssamgöngum. Þjónustan er auðveldari, persónubundnari, umhverfisvænni og hagkvæmari fyrir alla notendur sem og umhverfið. Framtíðin í almenningssamgöngum snýr að því að auka hentugleika, fjölga umhverfisvænni ferðakostum og gera þjónustuna einstaklingsmiðari fyrir notendur.

Hopp sem rafskútuleiga, ein og sér, er með um 80 þús. skráða notendur, farnir kílómetrar hjá þessum notendum eru yfir milljón kílómetrar. Tekið skal fram að yfir 80% af notendum eru heimamenn og fyrirtækið hefur verið starfandi síðan í lok árs 2019.

Almenningur hefur augljóslega kosið örflæði sem eina af sínum helstu samgöngukostum og hafa rafskútuleigurnar þannig sannað sig sem öflugur ferðamáti og aukið flóru almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstöður rannsóknar sem unnin var af EFLU í samstarfi við Reykjavíkurborg benda til þess að hægt sé að fækka ferðum með einkabílum með því að styðja við deilipjónustu örflæðis. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu einnig til kynna að 40% þeirra sem hafa aðgang að deilipjónustu örflæðis töldu sig fara færri ferðir á einkabíl. Sama mynstur er þekkt í borgum um allan heim. Að breyta ferðavenjum almennings og auka við almenningssamgöngur eru einn af lykilþáttum í því að ná markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum.

Mikilvægt er að stjórnvöld viðurkenni örflæði sem hluta af almenningssamgangnakerfi landsins í gegnum samræmingu þeirra laga sem snúa að almenningssamgöngum þ.m.t. í gegnum virðisaukaskattskerfið. Ótækt er að gert sé upp á milli þeirra ferðamáta sem

---

<sup>1</sup> <https://www.efla.is/media/utgefid-efni/Orflaediskyrsla.pdf>

almenningur kýs að nýta sér sem almenningssamgöngur sbr. að strætó og leigubílar eru undanþegin frá virðisaukaskatti en ekki örflæði.

Hopp óskar eftir því að örflæði, á grundvelli þess að ferðamátinn er nú þegar orðinn hluti af almenningssamgöngum í huga og notkun íbúa, að stjórnvöld styrki og tryggi stöðu þessa nýja samgöngumáta með breytingu á 2 gr. laga um virðisaukaskatt (nr. 50/1988).

Tillaga Hopp snýr að því að bæta eftirfarandi við 6. lið 3. mgr 2.gr : “... leigubjónustu á raf eða fótknúnum reiðhjólum, hlaupahjólum og öðrum ótöldum vistvænum einstaklingsfarartækjum.”.

*[Almenningssamgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðabjónustu fatlaðs fólks, [skipulagðrar ferðabjónustu aldraðra] og skipulagðs flutnings skólabarna. Sama gildir um akstur leigubifreiða, **[leigubjónustu á raf eða fótknúnum reiðhjólum, hlaupahjólum og öðrum ótöldum vistvænum einstaklingsfarartækjum]**. Að því leyti sem fólksflutningar eru undanþegnir samkvæmt ákvæði þessu nær undanþágan til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega.]*

Það er von Hopp að stjórnvöld haldi áfram að horfa fram á veginn í orkuskiptum og umhverfisvænum samgöngum. Stórt skref í þeirri vegferð er að samþykkja nýjar áherslur í almenningssamgöngum, áherslur sem almenningur hefur nú þegar tileinkað sér og er orðinn hluti af daglegu ferðavenjum samfélagsins.

---

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir  
Framkvæmdastjóri Hopp Reykjavík